

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 78/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Skaptasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. þ.m. er hingað barst 14. þ.m. og krefst hann niðurfellingar hans. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Í sendingu þeirri er barst til Bókaútgáfunnar Arnar og Örlygs hf. voru meira en 12 kg af hassefni en varnaraðili er starfsmaður hennar. Skriftarfræðingur álitur rithönd hans á fylgibréfum með sendingunni. Vísað var á hassefni á heimili hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115 í Reykjavík af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þriðjudaginn 8. þ.m. um kl. 17.40 hringdi til lögreglunnar í Reykjavík nafngreindur starfsmaður bókaútgáfu Arnar og Örlygs að Síðumúla 11 hér í borg og óskaði eftir að rannsakað yrði nánar innihald tveggja kassa er opnaðir höfðu verið þarna stuttu áður og grunur léki á að hefðu að geyma fíkniefni.

Lögregluathugun staðfesti að í kössunum voru ætluð kannabisefni í 12 plötum, hverri um sig 47x23.5 cm að ummáli og að þyngd frá 1.002,1 gr til 1.058,9 gr hver. Samtals 12.319,6 grömm.

Samkvæmt stimplum á fylgiskjali virðast nefndir kassar hafa verið póst-

lagðir í Amsterdam 10. f.m., móttökustimplaðir í Reykjavík 23. f.m. og tilkynning um komu þeirra send ofangreindu útgáfufyrirtæki skömmu síðar.

Skrifstofustjóri þess fyrirtækis kvaðst hafa vitjað sendingar í pósthús milli kl. 14 og 15 þriðjudaginn 8. þ.m. en sölustjóri opnað skömmu síðar og þá tilkynnt forstjóra um grunsamlegt innihald og sá síðastnefndi hlutast til um að haft var samband við lögreglu kl. 17.40 sama dag sem áður er nefnt.

Við frumathugun í margnefndu fyrirtæki fundu lögreglumenn í skrifstofu Jóns Skaptasonar f. 7.6. 1951 reykjarpípuhrensara með tóbakstjöru sem greinilega gaf jákvæða svörun við litarpróf fyrir kannabisefni.

Lögreglumönnum var tjáð að Jón Skaptason áðurnefndur notaði einn starfsmanna fyrirtækisins reykpiðu, einnig að Jón þessi hefði fyrr á þessu ári farið utan á vegum ofangreinds útgáfufyrirtækis.

Lögreglumenn öfluðu fylgiskjala með áðurnefndri póstsendingu og eru þau merkt sem nr. 18-21 að báðum meðtöldum, einnig vegabréfsúmsóknar Jóns Skaptasonar dags. 15. janúar 1988 sem nú er merkt sem nr. 17.

Gögnin voru fengin í hendur Maríu Bergmann skriftarfræðingi sem í álitgerð dags. 9. þ.m. nú merktri nr. 11, komst að svofelldri niðurstöðu: „Að lokinni rannsókn á ofannefndum sýnum er álit mitt svohljóðandi: Ritunin á ofannefndum vafasýnum og ritunin á ofannefndu sönnuðu sýni, sýna rithönd sömu persónu.“

Áðurnefndur skriftarfræðingur staðfesti greinda álitgerð hér í dómi fyrir stundu.

Samkvæmt kröfu lögregluþingvalda í Reykjavík var í gær kl. 16.35 heimiluð með dómsúrskurði leit að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim að Granaskjólí 5 hér í borg í vistarverum Jóns Skaptasonar.

Sá síðastnefndi var handtekinn að Ármúla 44 hér í borg kl. 16.43 í gær og yfirheyður hjá lögreglu í beinu framhaldi þar af. Hann neitaði þá að hafa notað hass eða önnur fíkniefni en kvaðst hafa haldið til Kaupmannahafnar 17. janúar sl. á vegum ofangreindrar bókaútgáfu og dvalið þar til 21. janúar en þá haldið á eigin vegum til London en aftur til Kaupmannahafnar 24. janúar og hingað til lands 26. janúar. Hann kvaðst ekki hafa átt neinn hlut að ofangreindu fíkniefnasmygli og neitaði að hafa útfyllt fylgibréf áðurnefndrar póstsendingar þótt honum væri kynnt álitgerð skriftarfræðings þar um.

Samkvæmt skýrslu lögreglu hélt Jón Skaptason kl. 20.10 í gær að Granaskjólí 5, þar sem lögreglumenn framkvæmdu áðurnefnda húsleit.

Þar var fyrir Svava Einarsdóttir eiginkona Jóns Skaptasonar og vísaði hún aðspurð á stóran hassmola. Þess utan fundust við leitina þrjár hass-

pípur og filmubox með tveim litlum hassmolum og annað filmubox með ætluðum hassleifum.

Stærsti molinn ofangreindur var að mati lögreglu mjög líkur í útliti efni því sem samkvæmt áður sögðu fannst í bókaforlaginu.

Samkvæmt skýrslu Hákonar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns í tæknideild lögreglu er um þetta atriði skráð svo:

„Gerð hefur verið athugun á kannabisefnum, er fundust í pakkasendingu til bókaforlagsins Arnar og Örlygs, frá Hollandi, merkt A og kannabisefni, er fannst á heimili Jóns Skaptasonar, merkt B og kom eftirfarandi í ljós:
A:

- 1) Hassefni er hefur verið mótað í 7 mm þykka plötu.
- 2) Efnið er mjög lint og sveigjanlegt.
- 3) Efnið er dökkbrúnt á yfirborðinu en ljósara í kjarnanum.
- 4) Efnið gefur mjög sterka jákvæða svörun fyrir kannabis.
- 5) Efnið uppleyst í ethanol og skoðað í smásjá sýnir einkenni kannabis-jurtarinnar.

B:

- 1) Hassefnið er hluti af mótuðu kannabisefni, mótuðu úr plötu 7 mm þykkri, sbr. A 1.
- 2) Sama og í A 2.
- 3) Sama og í A 3.
- 4) Sama og í A 4.
- 5) Sama og í A 5 og hefur sömu einkenni.“

Fyrir í dag var Jón Skaptason hjá lögreglu spurður um ofangreind efni er fundust við leit á heimili hans. Þar um var bókað svo:

„Hann er beðinn að gera grein fyrir því hassi sem fannst á heimili hans við húsleit í gærkvöldi, og áhöldum til neyslu þess. Hann kveðst ekki reykja hass að staðaldri. Hann kveðst mjög sjaldan reykja það og síðast hafi það verið er hann keypti það efni, sem var heima hjá honum eða um síðustu helgi. Þá kveðst hann hafa reykt með eiginkonu sinni heima hjá sér. Hann kveðst síðan ekkert hafa reykt hass. Mætti kveðst ekki vilja gefa upp hvaðan þetta efni er en kveðst vilja segja að honum hafi verið gefið efnið og hann vilji ekki gera þeim manni óleik með því að ljóstra því upp. Mætta er tjáð að efni það sem tekið var í umræddri sendingu og það sem var heima hjá honum virðist eins, skv. athugun tæknideildar lögreglunnar. Hann kveðst enga skýringu geta gefið á því.“

Fyrir í dag og hér fyrir dómi er um sama atriði eftir Jóni Skaptasyni bókað svo:

„Mætti kveðst kannast við að lögregla hafi í gær við leit á heimili mætta fundið hassmola, er gæti verið nálægt 3 gr. Þetta kveðst mætti hafa útvegað sér hérlendis fyrir um þrem vikum en eftir það aðeins tvívegis lítillaga

af notað. Nánar spurður hvert efnismagnið hafi verið í upphafi kveðst mætti ekki vita það en þegið molann óvigtaðan frá mjög nánum kunningja og ekki vilja draga hann inn í málið frekar.

Mætti segir því vel geta verið, að molinn hafi upphaflega verið um 10 grömm, en ítrekar að hann skorist undan að nafngreina þann, er efnin lét af hendi.“

Svava Einarsdóttir ofangreind bar enn um sama atriði hjá lögreglu fyrr í dag:

„Varðandi það hass, sem lögreglan lagði hald á heima hjá mér í gærkvöldi þá vil ég taka fram að Jón maður minn keypti 15 gr. af þessu efni laust eftir síðustu mánaðamót, þ.e. febrúar-mars. Ég veit ekki um það, en tel hann hafa keypt efnið fyrir 1.000 kr. pr. gramm. Ég tel að það hafi verið um 12 gr. eftir af efni þessu er lögreglan lagði hald á það en við tvö höfum notað af því það sem búið er og að jafnaði fengið okkur eina til tvær pípur á dag frá því það var keypt. Ég fór að nota hassefni árið 1976 og hef reykt hass síðan.“

Jón Skaptason hefur staðfastlega og ítrekað bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa með nokkrum hætti staðið að útvegum eða smygli hinna ætluðu hassefna er fundust sl. þriðjudag samkvæmt ofanskráðu í húsakynnum bókaútgáfu.

Af hálfu lögregluvalda í Reykjavík hefur verið fram sett rökstudd krafa um að Jón Skaptason verði í þágu rannsóknarhagsmuna úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að miðvikudegi 30. þ.m. kl. 12.00.

Réttargæslumaðurinn Othar Örn Petersen hrl. hefur mótmælt að þessi krafa nái fram að ganga og talið greinargerð lögregluvalda óvandaða svo að útiloki beitingu gæsluvarðhalds.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1986.

Telja verður að rannsókn málsins sé á frumstigi en geti orðið umfangsmikil svo sem nú horfir.

Brot gegn ofangreindum ákvæðum gætu í því samhengi, sem hér er til rannsóknar varðað Jón Skaptason fangelsisrefsingu.

Sá síðastnefndi hefur eindregið og ítrekað bæði hjá lögreglu og fyrir dómi neitað að hafa með nokkrum hætti staðið að þeim brotþáttum sem hér skipta mestu.

Framburðir hans hafa verið breytilegir um uppruna og magn þeirra ætluðu hassefna er fundust við leit í vistarverum hans í gær.

Rannsókn þessa atriðis virðist brýn og þýðingarmikil þegar virt er í samhengi við þá frumniðurstöðu tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík að

óvenjuleg líkindi séu milli þeirra efna, sem annars vegar fundust í vistarverum Jóns Skaptasonar og hins vegar í margnefndri bókaútgáfu við Síðumúla.

Þyngst þykir þó vega og reyndar úrslitum ráða varðandi niðurstöðu úrskurðar þessa áðurnefnd álitssgerð Maríu Bergmann skrifrarfræðings, sem staðfest hefur verið hér fyrir dómi.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 þykja því ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs, svo og 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir í þágu brýnna rannsóknarhagsmuna rétt að verða við framkominni kröfu lögregluþingvalds í Reykjavík og ákvarða að Jón Skaptason f. 7.6. 1951 til heimilis að Granaskjólí 5 Reykjavík skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.50 að telja fimmtudaginn 10. mars 1988 og allt að miðvikudegi 30. mars n.k. kl. 12.00 á hádegi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Skaptason, f. 7.6. 1951, til heimilis að Granaskjólí 5, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.50 þann 10. mars 1988 að telja og allt að 30. mars n.k. kl. 12.00 á hádegi.